

**Fundur stjórnar ÆSKP 27. febrúar 2023 á ZOOM**

**Mætt:** Bella, Aldís, Anna Lilja. Einnig situr Jónína Sif fundinn.

**Fundur hófst kl. 20.30.**

**Viðbrögð við bréfi vegna ráðningar svæðisstjóra.** Engin viðbrögð hafa borist við bréfi stjórnar til þeirra er komu að ráðningu nýssvæðisstjóra. ÆSKP verður að standa við bakið á starfsmönnum í barna og unglingastarfi. Það er enginn annar sem gerir það. Lögfræðingar hjá BHM segja þetta léleg vinnubrögð og ljóst er að starfsfólk í æskulýðsgeiranum situr ekki við samaborð og annað starfsfólk kirkjunnar þegar kemur að ráðningum.

Stjórn ÆSKP ítrekar að þessi viðbrögð við uppsögn Kristjáns hafa ekkert með Lísu að gera og bjóðum hana velkomna til starfa. Það varpar samt óneitanlega skugga á upphafslega hennar að ekki hafi verið staðið betur að málum. Með þessari vinnu vonumst við til að tryggja starfs öryggi hennar sem og annarra starfamanna sem sinna æskulýðsmálum.

**Janúarnámskeiðið**

Gekk ákaflega vel, góð mæting og mjög virk þátttaka. Frábært að byrja árið svona.

**Eastercourse**

Mikill áhugi og fengum við í gegn tvö auka sæti og fara því 6 einstaklingar 18-24 ára til Danmerkur um páskana. Styrkur frá Erasmus greiðir fyrir ferðalagið og veruna en þátttakendur greiða sjálfir 28 evrur í námskeiðisgjald.

**Aðalfundur 8. mars í Neskirkju**

Starfsáætlun rædd og sett saman.

Reyna að fá styrk fyrir haustnámskeiðinu Verndari barna.

Jóna Þórdís og Matta vilja vera með gleðigönguna

Fjárhagsáætlun rædd og sett saman.

Aðildargjald: Höfum ekki hækkað það svo árum skiptir, stjórn leggur til að það hækki í 30.000 og gildi sem farseðill fyrir tvo leiðtoga á landsmót til tilraunar.

Lagabreytingar:

5. gr. Dagskrá aðalfundar, endurskoðaðir reikningar, rekstraráætlun, lagabreytingartillögur, starfsáætlun og önnur gögn sem teljast nauðsynleg skulu póstsend eða send rafrænt til aðildarfélaga tíu dögum fyrir aðalfund og vera aðgengileg hjá stjórnunum aðildarfélaga viku fyrir aðalfund. Önnur mál og tillögur, sem aðildarfélög óska að tekin verði fyrir á aðalfundi skulu berast stjórn eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

5. gr. Dagskrá aðalfundar, Ársreikningur, rekstraráætlun, lagabreytingartillögur, starfsáætlun og önnur gögn sem teljast nauðsynleg skulu póstsend, send rafrænt til aðildarfélaga og/eða birt á heimasíðu ÆSKP viku aðalfund. Önnur mál og tillögur, sem aðildarfélög óska að tekin verði fyrir á aðalfundi skulu berast stjórn eigi síðar en þremur dögum fyrir aðalfund.

**Stjórn**

Anna Lilja er að flytja, Bella er að hætta sem formaður. Þarfa minna aðildarfélögin á að senda fulltrúa, best að fá góða landsbyggðardreifingu og jafnt kynjahlutfall.

### **Finna fundastjóra**

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir hefur áhuga á að taka það að sér.

### **Matur á aðalfundi**

Léttar veitingar á fundi.

Ný og fráfarandi stjórn fara saman eftir fundinn út að borða eins og hefð er fyrir.

### **Janúarnámskeið 2024**

Fá samsskiptaráðgjafi til að kynna starf sitt og hlutverk.

### **Annað**

Kominn tími á að búa til nýtt Leiðtogaskóla efni.

Hugmyndakassi – mögulega rafrænn til að safna hugmyndum frá æskulýðsfélögum

**Næsti fundur ákveðin á facebook.**

**Fundi lauk 22:30**